

Nr. 117 / 12 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. október 2012 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Halamiðum. Veður: Hæg breytileg átt.

Tveir skipverja voru að setja lás við toghlerann. Annar hélt „hjartanu“ á „plássi“ með hægri hendi en hinn rak pinnann í. Þá hreyfðist lásinn og við það skekkist hjartað en þumalfingur þess sem hélt við varð á milli þess og pinnans.

Gert var að sárum slasaða og var hann frá vinnu það sem eftir var ferðarinnar.

Við rannsókn kom fram:

- að keðjulásinn var „patentlás“ (reklás) þar sem þolinmóðurinn er rekinn í gegnum hólkspilti (hjartað) í miðjum lásnum;
- að skipverjarnir unnu við verkið í lausu lofti og höfðu fest keðjuna en að öðrum kosti hefði orðið að taka hlerann inn fyrir.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.